

Stofnanasamningur Kennaraháskóla Íslands annars vegar og  
Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands, Kjarafélags viðskipta- og  
hagfræðinga, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga,  
Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Útgardís, félags  
háskólamaðranna, hins vegar

Efnisyfirlit:

1. kafli: Almennar forsendur.  
2. kafli: Kennrarar og sérfræðingar með hæfnisdóm.  
3. kafli: Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf.  
4. kafli: Um röðun starfa félagsmanna í Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgardí.  
5. kafli: Nýdoktorar og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi.  
Fylgiskjal 1: Reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Kennaraháskóla Íslands.  
Fylgiskjal 2: Samkomulag um kjör aðjúnkta.  
Fylgiskjal 3: Reglur um hæfnismat og ársmat í stjórnsýslu og þjónustustörfum við Kennaraháskóla Íslands

Bókanir 1 – 10

## 1. KAFLI

### Almennar forsendur

#### 1.1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi stéttarfélaga hins vegar, dags. 28. febrúar 2005 og er hluti hans. Gildistími stofnanasamningsins er frá 1. maí 2006 til 30. apríl 2008. Samningurinn nær til allra starfsmanna Kennaraháskóla Íslands sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningum framangreindra stéttarfélaga svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalausu, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

#### 1.2 Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningnum og upptöku nýrrar launatöflu:

- Að ákvörðun launa sé með hlutlægum hætti og sömu mælikvarðar notaðir eftir eðli starfa.
- Að einfalda launakerfið.
- Að hækka lægstu laun.

T.H. J.S. O.M.  
RE TBJ GR

- Að jafnréttisstefna Kennaraháskóla Íslands sé höfð að leiðarljósi við launaákvæðanir þannig að sömu laun séu tryggð fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til þróunar í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.

### 1.3 Röðun starfa í launaflokka

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingar endurskoðast árlega.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum svo tryggt verði að þeir njóti jafnraðis.

Störf kennara og sérfræðinga með rannsóknaskyldu eru metin til stiga samkvæmt samræmdum matsreglum Kennrafélags Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 2. kafla.

Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf sem ekki er ráðið í á grundvelli akademíks hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 3. kafla.

Ákvæði um röðun starfa félagsmanna í Stéttarfélagi bókasafns og upplýsingafræðinga og Útgarði, félagi háskólamanna eru í 4. kafla.

Um launaráðun nemenda í rannsóknatengdu framhaldsnámi og nýdoktora á rannsóknastyrkjum er fjallað í 5. kafla.

### 1.4 Álag vegna tímabundinna þátta

Heimilt er að greiða álag ofan á dagvinnulaun þegar umfang/ábyrgð starfs breytist tímabundið vegna sérstakra verkefna. Næsti yfirmaður, starfsmannastjóri og viðkomandi starfsmaður skulu gera með sér samkomulag þar sem fram kemur hvaða ástæður liggi að baki álagsgreiðslum, kveðið er á um álagsprósentuna og það tímabil sem um ræðir. Við lok tímabilsins fellur á lagið niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í staðinn fyrir yfirvinnu.

Dæmi um greiðslu tímabundins álags vegna sérstakra verkefna, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna.
- Starf í nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar eða deildar.
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsmanna.
- Starfsmönnum einingarinnar fækkar tímabundið.

SL  
O.R.  
T.F.  
RE  
LE  
FBJS  
GR

## **1.5 Forsendur launaröðunar og rökstuðningur**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirliggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar (samráðsnefndar um kjaramál eða sambærilegrar nefndar) skv. 11. kafla kjarasamnings framangreindra stéttarfélaga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## **2. KAFLI**

### **Kennrarar og sérfræðingar með hæfnisdóm**

#### **2.1 Forsendur röðunar starfa við rannsóknir og kennslu**

Um er að ræða störf aðjunkta, lektora/sérfræðinga, dósenta/fræðimanna og vísindamanna. Með rannsóknum er hér átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

#### **2.2 Starfsskyldur kennara og sérfræðinga**

Starfsskyldur kennara við Kennaraháskóla Íslands skiptast í þrjá meginþætti: Rannsóknir, kennslu og stjórnun. Starfsskyldur starfsmanna sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast í rannsóknir, stjórnun og önnur störf. Um vægi starfsþátta, undantekningar frá almennum starfsskyldum og ákvarðanir um rannsóknamisseri, fer samkvæmt reglum sem Kennrafélag Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs. (Sjá fylgiskjal 1, greinar 3, 4 og 5.)

#### **2.3 Framgangur í efra starfsheiti**

Þegar sótt er um framgang í efra starfsheiti tekur framgangur gildi næstu mánaðamót eftir að rektor hefur tekið við umsókn og staðfest að hún sé studd fullnægjandi gögnum sem nægja til framgangs.

##### **2.3.1 Framgangur lektors/sérfræðings í starf dósents/fræðimanns**

Lektor/sérfræðingur á rétt á að fá framgang í starf dósents/fræðimanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Kennrafélag Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs.

##### **2.3.2 Framgangur dósents/fræðimanns í starf prófessors/vísindamanns**

Dósent/fræðimaður á rétt á að fá framgang í starf prófessors/vísindamanns ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum sem Kennrafélag Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs.

SL  
10. m.

JH · 3  
PE LE  
PBJS CR

## **2.4 Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda**

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa kennara og sérfræðinga á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþáttu skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu og samræmdum matsreglum Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækjun frá sama tíma.

## **2.5 Aðjunktar, lektorar/sérfræðingar, dósentar/fræðimenn og vísindamenn**

Aðjunktar, lektorar/sérfræðingar, dósentar/fræðimenn og vísindamenn raðast í launaflokka eins og fram kemur í töflum 2.1 og 2.2 og eru stig metin samkvæmt samræmdum matsreglum Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, sbr. grein 2.8. Lágmarksröðun frá 1. maí 2006 er í launaflokk L05 með 2,5% álagi á fullar starfsskyldur. Lágmarksröðun frá 1. maí 2007 er í L05 með 5% álagi á fullar starfsskyldur.

### **2.5.1 Launaröðun aðjunkta, lektora og dósenta**


Röðun aðjunkta, lektora og dósenta í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.1. Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþáttu á rannsóknna- og/eða kennslustig. Nánar er fjallað um ráðningu og kjör aðjunkta í fylgiskjali 2 með stofnana samningi.

Tafla 2.1, launaröðun aðjunkta, lektora og dósenta

Rannsóknastig	Kennslustig	Heildarstig	Lfl.	Álag frá 1/5 2006	Álag frá 1/5 2007
		<30	L05	2,50%	5,00%
		30	L06	2,50%	5,00%
-	-	50	L07	2,50%	5,00%
-	-	75	L08	2,50%	5,00%
50	-	100	L09	2,50%	5,00%
80	-	150	L10	2,50%	5,00%
120	-	200	L11	2,50%	5,00%
270	100	400	L12	2,50%	5,00%
400	120	600	L14	2,50%	5,00%
550	150	900	L16	2,50%	5,00%
750	180	1200	L17	10,00%	12,50%
1000	180	1600	L17	12,50%	15,00%
1500	180	2000 >	L18	12,50%	15,00%

### **2.5.2 Launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna**

Röðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.2 og í samræmi við rannsóknaskýldur þeirra, annars vegar er um að ræða 40% rannsóknaskýldu og hins vegar 60% eða hærri. Heimilt er að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþáttu á rannsóknastig.


  
 T.H. 4  
 PE  
 PBJ

Tafla 2.2, launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og ví sindamanna

40%	60%	Heildarstig	Lfl.	Álag frá 1/5 2006	Álag frá 1/5 2007
Rannsóknastig					
		<30	L05	2,50%	5,00%
		30	L06	2,50%	5,00%
-	-	50	L07	2,50%	5,00%
-	-	75	L08	2,50%	5,00%
50	60	100	L09	2,50%	5,00%
80	90	150	L10	2,50%	5,00%
120	140	200	L11	2,50%	5,00%
270	320	400	L12	2,50%	5,00%
400	480	600	L14	2,50%	5,00%
550	720	900	L16	2,50%	5,00%
750	960	1200	L17	10,00%	12,50%
1000	1280	1600	L17	12,50%	15,00%
1500	1600	2000 >	L18	12,50%	15,00%

## 2.6 Yfirvinnuþak

Hámark yfirvinnu á mánuði er eins og fram kemur í töflu 2.3, starfsmanni er þó heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnuþak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera.

Tafla 2.3, yfirvinnuþak

Launaflokkar:	L05	L06	L07	L08	L09	L10	L11	L12	L14	L16	L17	L18
Tímar að hámarki:	60	60	58	56	54	52	50	48	45	39	35	35

Tímakaup fyrir yfirvinnu kennara og sérfræðinga er 1,0385% af mánaðarlaunum í viðkomandi launaflokki með á lagi - en þó ekki hærri en samkvæmt yfirvinnutaxta í launaflokki L08 án álags (1. maí 2006 er fjárhæðin 2.923 kr.). Þó er heimilt að greiða 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi fyrir allt að 200 klst. á ári af sjálfsaflafé.

## 2.7 Vinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

Vinnuskylda á ársgrundvelli við kennslu, rannsóknir og stjórnun minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.

JK

T.E. 5  
RE  
PBJ

10.9.1.  
LE  
BR

Kröfur um rannsóknastig, er byggja á rannsóknaframlagi undangenginna þriggja ára, minnka hlutfallslega.

Þróskuldur vinnumatssjóðs vegna rannsókna lækkar hlutfallslega.

Kennslustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

## **2.8 Matsreglur Kennarfélags Kennaraháskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands**

Mat á vinnu kennara til stiga er samkvæmt reglum Kennarfélags KHÍ og Kennaraháskóla Íslands frá maí 2003.

### **3. KAFLI** **Stjórnsýlu-, þjónustu- og sérfræðistörf**

#### **3.1 Röðun starfa í launaflokka**

Stjórnsýlu-, þjónustu- og sérfræðistörf sem ekki er ráðið í á grundvelli akademíks hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Starfsmönnum er raðað í launaflokka eins og fram kemur í töflu 3.1. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru í hæfnismati og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni. Röðun skal þó aldrei vera lægri en í L04. Sjá nánar gr. 3.1.1 og 3.1.2. Sjá þó 4. kafla um röðun starfa félagsmanna í Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgardí, félagi háskólamana og 5. kafla um launaröðun framhaldsnema.

##### **3.1.1 Starfsmat**

Grunnröðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi.

##### **3.1.2 Hæfnismat og ársmat**

Til viðbótar starfsmati eru veitt stig vegna þekkingar og reynslu starfsmanns umfram það sem starfið krefst. Þessir þættir eru metnir í hæfnismati. Áunnin stig úr ársmati koma til uppsöfnunar í hæfnismati ár hvert.

#### **3.2 Launaröðun**

Launaröðun samkvæmt starfs- og hæfnismati er eins og sýnt er í töflu 3.1. Röðunin byggist á samanlöögðum stigum úr starfs- og hæfnismati. Endurskoða skal starfs- og hæfnismat með tilliti til menntunarstiga og fleiri þátta fyrir 1/5 2007 sbr. bókun 2 með stofnanasamningi.

TH 6  
RE  
PBJ  
JL  
O.R.  
GR

Tafla 3.1, launaröðun þeirra er falla undir starfs- og hæfnismat

Heildarstig	Lfl. 1.5. 2006	Álag frá 1.5.2007
<270	L04	2,5%
300	L05	2,5%
335	L06	2,5%
370	L07	2,5%
400	L08	2,5%
450	L09	2,5%
500	L10	2,5%
550	L11	2,5%
600	L12	2,5%
650	L13	2,5%
700	L14	2,5%
750	L15	2,5%
800	L16	2,5%
875	L17	2,5%
950	L18	2,5%

### 3.3 Endurskoðun röðunar í launaflokka og ársmat

Endurskoða skal starfslýsingar eftir þörfum en ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Starfsmenn geta sótt um ársmat í maímánuði ár hvert og skulu niðurstöður liggja fyrir í september. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli ársmats taka gildi 1. september ár hvert.

### 3.4 Starfsheiti

Starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna hjá Kennaraháskóla Íslands sem raðast í launaflokka á grundvelli starfs- og hæfnismats eru efifarandi:

Deildarstjóri  
 Framkvæmdastjóri  
 Forstöðumaður  
 Fulltrúi  
 Námsráðgjafi  
 Skrifstofustjóri  
 Starfsmannastjóri  
 Verkefnastjóri

Heimilt er að nota önnur starfsheiti ef þau eru lýsandi fyrir starfið.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "H.H.", "O.R.", "L.C.", "RE", "PBJ", and "BB".

## 4. KAFLI

### Um röðun starfa félagsmanna í Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgarði, félagi háskólamanna

#### **4.1 Almennar forsendur röðunar starfa í launaflokka**

Ákvörðun um röðun starfa í launaflokka tekur mið af þeim verkefnum- og skyldum sem í starfinu felast, menntun, ábyrgð, þjálfun, starfsreynslu og færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að gegna starfinu. Röðun skal miðast við grunnverksvið í viðkomandi starfi og samþykktar starfslýsingar starfsmanna.

#### **4.2 Skilgreining starfsheita**

Starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna hjá Kennaraháskóla Íslands sem raðast í launaflokka á grundvelli þessa kafla í stofnanasamningi eru eftirsarandi:

Verkefnastjóri  
Táknmálstúlkur  
Vefstjóri  
Skjalastjóri  
Forstöðumaður safns  
Forstöðumaður Símenntunarstofnunar  
Framkvæmdastjóri  
Kennsluráðgjafi

#### **Verkefnastjóri:**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem annast faglega og stjórnunarlega ábyrgð á verkefnum á bókasafni skólans. Verkefnastjóra skal grunnraðað í launaflokk L06 með 2,5% á lagi.

#### **Kennsluráðgjafi**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem annast faglega og stjórnunarlega ábyrgð á verkefnum á bókasafni skólans. Kennsluráðgjafa skal grunnraðað í launaflokk L06.

#### **Táknmálstúlkur**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem sér um að táknmáls- eða rittúlka fyrir heyrnaskertan nemanda. Táknmálstúlkur skal grunnraðað í launaflokk L06.

#### **Vefstjóri**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem ber ábyrgð á vef skólans. Vefstjóra skal grunnraðað í launaflokk L07.

8

T.H.  
RE PBJ

SK  
O.M.  
LE  
LJ

### **Skjalastjóri**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem ber ábyrgð á skjalasafni skólans. Skjalastjóra skal grunnraðað í launaflokk L07.

### **Forstöðumaður safns**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem annast faglega og stjórnunarlega ábyrgð á bókasafni skólans. Forstöðumanni safns skal grunnraðað í launaflokk L10.

### **Forstöðumaður símenntunarstofnunar**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem annast faglega og stjórnunarlega ábyrgð á stærri stjórnsýslueiningu innan skólans. Forstöðumanni símenntunarstofnunar skal grunnraðað í launaflokk L12.

### **Framkvæmdastjóri menntasmiðju**

Um er að ræða háskólamenntaðan starfsmann sem annast faglega og stjórnunarlega ábyrgð á stærri stjórnsýslueiningu innan skólans. Framkvæmdastjóra menntasmiðju skal grunnraðað í launaflokk L13.

### **4.3 Persónu- og tímabundnir þættir**

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð árlegu endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækunar um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokk í 2,5% bilum. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna vegna skipulagsbreytinga, starfsþóunar eða með hliðsjón af frammistöðumati sem gert er á grundvelli starfsmannaviðtals.

#### **4.3.1 Menntun**

Hér skal metin viðbótarmenntun sem nýtist í starfi, umfram grunnkröfur í 4.2. Til viðmiðunar skal hafa að 15 einingar skv. mati háskólanna eru grundvöllur 2,5% álags og mesta álag vegna viðbótarmenntunar getur verið 10 %, eða tveir launaflokkar.

MSc/MA próf eða sambærilegt  
PhD próf eða sambærilegt

grunnflokkun + 1 launaflokkur  
grunnflokkun + 2 launaflokkar

#### **4.3.2 Starfsreynsla**

Starfsreynsla er skilgreind sem sá tími sem starfsmaður hefur unnið við sitt fræða- eða starfssvið óháð vinnustað

- Starfsmaður með eins árs reynslu úr sama eða sambærilegu starfi skal fá 2,5% álag
- Starfsmaður með þriggja ára reynslu úr sama eða sambærilegu starfi skal fá 5% álag.
- Starfsmaður með fimm ára reynslu úr sama eða sambærilegu starfi skal fá 7,5% álag.

SL  
TH. 9 O.Th.  
LE  
ne PBS- JR

Síðustu 2,5% af starfsaldurshækkunum koma til framkvæmda 1. maí 2007.

#### 4.3.3 Mat á hæfni og frammistöðu

Við mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna skal m.a. taka mið af eftirfarandi þáttum, sem hafðir eru til hliðsjónar í árlegu launaviðtali.

- Góður árangur og frammistaða í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði
- Sveigjanleiki og fjölhæfni
- Hæfni til samskipta / samvinnu
- Vilji til að takast á við ný verkefni
- Sókn í að afla sér endurmenntunar
- Hæfni til að fræða og leiðbeina

### 5. KAFLI

#### Nýdoktorar og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi

##### 5.1 Launaröðun

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi sem fá greidd laun frá Kennaraháskóla Íslands á grundvelli ráðningarsamnings raðast í launaflokka samkvæmt eftirfarandi forsendum:

Meistaraneimi: L01  
Doktorsnemi: L02  
Nýdoktor: L05

Heimilt er að raða einum til tveimur launaflokkum hærra í samræmi við framgang náms og/eða starfs. Við ráðningu skal gera samning milli viðkomandi nemanda og leiðbeinanda um vinnuskyldu, vinnuframlag, hlutfall starfs og tímalengd ráðningar. Í samningnum skal koma fram að ráðningin grundvallist á náminu og ljúki við námslok.

Nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi skulu auðkenndir í starfsmannaskrá eftir því sem við á sem meistaraneimi eða doktorsnemi og tiltaka skal einnig hverjir eru nýdoktorar í upplýsingum til viðkomandi stéttarfélags.

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006

Reykjavík 16. júní 2006

SK

T.H. 10  
J.R.  
RE DBJ  
LN


f.h. Kennaraháskóla Íslands

  
Olof Thorvaldsson  


f.h. Kennrafélags Kennaraháskóla Íslands

  
f.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga  
Þórhildur Jónassdóttir

f.h. Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga



f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa



f.h. Útgarðs, félags háskólamanna



# Fylgiskjal 1

## Reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Kennaraháskóla Íslands.

### 1. gr. Starfsskyldur.

Starfsskyldur kennara við Kennaraháskóla Íslands skiptast í þrjá meginþætti: rannsóknir, kennslu og stjórnun. Starfsskyldur starfsmanna sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast í rannsóknir, stjórnun og önnur störf.

### 2. gr. Skilgreining starfsþátta.

#### 2.1 Kennsla.

Kennsla við Kennaraháskóla Íslands felur í sér þjálfun nemenda til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og takast á við margvísleg störf í þjóðfélaginu. Kennslunni er ætlað að þroska nemendur, temja þeim ögun í vinnubrögðum, auka þekkingu þeirra og gera þeim kleift að beita þekkingunni á sjálfstæðan skapandi og gagnrýnnin hátt og til öflunar nýrrar þekkingar. Rannsóknum og kennslu skal fléttáð saman á öllum stigum náms, eftir því sem kostur er. Leitast skal við að tengja allt nám reynslu á vettvangi uppeldis og skólastarfs og legga ber áherslu á sköpun og miðlun.

Nám til prófgráðu við Kennaraháskóla Íslands skiptist í einstök námskeið sem saman mynda eina heild. Deildir bera ábyrgð á námi og veitingu prófgráða. Deild ákveður því hvaða námskeið eru kennd og hver kennir þau. Kennrar njóta kennslufrelsис innan þess ramma sem deild setur. Þeir ákveða sjálfir námsefni, efnistök og kennsluhætti. Þetta mikilvæga frelsi felur í sér skyldur og ábyrgð gagnvart fræðunum, gagnvart stúdentum og samstarfsfólki.

#### 2.2 Rannsóknir.

Kennrar og sérfræðingar njóta akademíks rannsóknafrelsис, en í því felst að þeir velja sér sjálfir viðfangsefni á fræðasviði sínu og þær aðferðir sem þeir beita. Deild eða stofnun eftir atvikum skilgreinir fræðasvið hvers kennara og sérfræðings. Rannsóknafrelsi felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar faghópum á vettvangi uppeldis- og skólastarfs og almenningi eftir því sem kostur er. Kennrar og sérfræðingar sem fást við skapandi listir geta ennfremur lagt fram verk á viðurkenndum vettvangi sem gerir strangar listrænar kröfur. Þá geta kennrar og sérfræðingar á öllum fræðasviðum unnið að náms- og fræðsluefni til vandaðrar útgáfu á vettvangi uppeldis og skólastarfs. Kennrar og sérfræðingar skulu leitast við að afla tekna úr rannsóknasjóðum og frá öðrum aðilum til rannsókna sinna. Kennrar og sérfræðingar skulu árlega gera grein fyrir rannsóknum sínum og niðurstöðum þeirra.

Heimilt er í ráðningarsamningi að fela starfsmönnum sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa, sbr. 4. gr., að sinna þjónusturannsóknum á vegum stofnunar eða

SL  
O.Th.  
LE  
PBJS

• O.Th.  
LE  
PBJS

T.H.  
LE  
PBJS

deildar. Þjónusturannsóknir geta komið í stað hluta almennrar rannsóknaskyldu og um þjónusturannsóknir gilda ekki ákvæði um rannsóknafrelsi.

### 2.3 Stjórnun.

Í fyrsta lagi felur stjórnun í sér verkefni í tengslum við kennslu og rannsóknir viðkomandi kennara eða sérfræðings.

Í öðru lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum deildar, námsbrautar eða námsleiðar sem mönnum er falið eða þeir eru kjörnir til að sinna tímabundið og um gilda ákvæði reglna Kennaraháskóla Íslands.

Í þriðja lagi felur stjórnun í sér verkefni á vegum háskólaráðs eða rektors, sem að jafnaði er greitt fyrir sérstaklega eða umbunað fyrir með öðrum hætti. Þó er aðeins greitt fyrir stjórnunarstörf ef þau fela í sér þáttöku í fleiri en einni nefnd á ári sbr. reglur þar að lútandi.

## 3. gr. Skipting starfsskyldna milli starfsþátta.

Ákvæði þessarar greinar gilda um háskólakennara og sérfræðinga. Greinin á þó ekki við um þá sem gegna starfi deildarforseta.

### 3.1 Almennar starfsskyldur háskólakennara og sérfræðinga.

- a) Starfsskyldur prófessora skiptast almennt í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun.
- b) Starfsskyldur lektora og dósenta í hálfu starfi eða meira skiptast almennt í 51% kennslu, 43% rannsóknir og 6% stjórnun.
- c) Starfsskyldur lektora og dósenta í minna en hálfu starfi skiptast almennt í 69% kennslu, 23% rannsóknir og 8% stjórnun.
- d) Starfsskyldur aðjunkta skiptast almennt í 75% kennslu og 25% stjórnun og rannsóknir. Starfsskyldur aðjunkta í hálfu starfi eða minna skiptast almennt í 90% kennslu og 10% stjórnun og rannsóknir.
- e) Starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skiptast í two flokka, annars vegar er um að ræða 60% - 80% rannsóknaskyldu og hins vegar 40%. Aðrir starfsþættir sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna eru 20% - 60% eða eftir því sem nánar er kveðið á um í starfslýsingu og ráðningarsamningi.

### 3.2 Undantekningar frá almennum starfsskyldum.

#### I. Hlutfallsleg aukning kennsluskyldu.

JL  
OM.  
LE  
13  
PBJ

- A. Hlutfallsleg aukning kennsluskyldu umfram almennar starfsskyldur byggir á meðaltalsrannsóknavirkni síðustu þriggja eða fimm ára eftir því hvort hagstæðara er fyrir viðkomandi.
1. Lektorar, dósentar og prófessorar í fullu starfi með færri en 10 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú eða fimm ár fá hlutfallslega aukningu í kennsluskyldu sbr. töflur A og B. Aðjunktar í fullu starfi með færri en 5 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú eða fimm ár fá á sama hátt hlutfallslega aukningu í kennsluskyldu sbr. töflu C.
  2. Taka skal tillit til starfshlutfalls og rannsóknaskyldu í hverju tilviki þegar vikið er frá almennum reglum.
  3. Taka skal tillit til breytinga á starfsskyldum vegna töku fæðingarorlofs, veikinda eða slysa, sbr. gildandi reglur þar um.
  4. Ekki skal auka hlutfall kennsluskyldu fyrstu fimm árin í starfi hjá Kennaraháskóla Íslands.

Hlutfallslega aukin kennsluskylda samkvæmt lið A er eins og fram kemur í töflum A, B og C þegar um fullt starf er að ræða.

Tafla A Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal	
Prófessorar	
Rannsóknastig	Kennsluskylda
9	49%
8	50%
7	51%
6	52%
5	53%
4	54%
3	55%
2	56%
1	57%
0	58%

Tafla B Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal	
Lektorar og dósentar, fullt starf	
Rannsóknastig	Kennsluskylda
9	52%
8	53%
7	54%
6	55%
5	56%
4	57%
3	58%
2	59%
1	60%
0	61%

Tafla C Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal	
Aðjunktar, fullt starf	
Rannsóknastig	Kennsluskylda
4	76%
3	77%
2	78%
1	79%
0	80%

- B. Þrátt fyrir lið A getur kennari óskað eftir því að auka kennsluskyldu sína á kostnað rannsóknaskyldu. Þá getur deildarforseti við sérstakar aðstæður, t.d. vegna tímabundins álags, skorts á kennslukrafti, veikinda eða fjarvista af öðrum toga, ákveðið í samráði við kennara að hann auki kennsluskyldu sína tímabundið á kostnað rannsóknaskyldu. Breytingar af þessu tagi skulu ekki hafa í för með sér að laun verði lægri en ef aukin kennsla væri unnin í yfirvinnu. Í þeim tilvikum kemur yfirvinnuálag

á laun fyrir aukna kennslu. Ennfremur getur rektor kallað starfsmann tímabundið til sérstakra starfa og breytast þá starfsskyldur hans eftir samkomulagi.

#### **Um hlutfallslega aukna kennsluskyldu skv. liðum A og B gildir eftirfarandi:**

- Stjórnunarskylda helst óbreytt en rannsóknaskylda minnkar að sama skapi og kennsluskyldan eykst.
- Yfirvinnuþak vegna kennslu breytist ekki.
- Kennslustigum fjölgar um 0,5 stig á ári fyrir hvern hundraðshluta sem kennsluskyldan eykst af heildarvinnuskyldu.

#### **II. Hlutfallslega aukin rannsóknaskylda.**

**Almenn regla:** Óski kennari eftir að auka hlutfall rannsóknaskyldu sinnar á kostnað kennsluskyldu skal almenna reglan vera sú að hann finnur kennara í sinn stað í samráði við deildarforseta og greiðir kennsluna af sértekjum/sjálfsaflafé.

**Sérregla:** Telji deildarforseti/deild mikilvægt að tilteknum kennara sé gert kleift að auka hlutfall rannsóknarskyldu sinnar getur viðkomandi deild samþykkt að bera kostnaðinn vegna þess.

#### **4. gr.**

##### **Starfsmenn sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.**

Háskóladeild eða stofnun ákveður skiptingu starfsskyldna milli rannsókna, stjórnunar og annarra starfa fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn. Kveða skal á um skiptingu starfsskyldna í ráðningarsamningi. Ef við á skal tiltaka í ráðningarsamningi hve hátt hlutfall rannsóknaskyldunnar eru þjónusturannsóknir á vegum stofnunar eða deildar, án rannsóknafrelsис, sbr. 2. gr.

#### **5. gr.**

##### **Rannsóknamisseri.**

Til þess að eiga kost á rannsóknamisseri skulu samanlögð stig vegna kennslu og rannsókna nema að minnsta kosti 17 stigum á ári þegar um fullt starf er að ræða og þar af skulu a.m.k. 5 stig vera vegna rannsókna. Miðað er við meðaltal síðustu þriggja eða fimm ára eftir því hvort hagstæðara er fyrir viðkomandi. Skilyrði er að rannsóknaskýrslum sé skilað árlega a.m.k. fyrir síðustu fimm ár. Þá skulu tvö ár hið skemmsta líða milli rannsóknarmissera.

Að öðru leyti gilda reglur um veitingu rannsóknarmissera við Kennaraháskóla Íslands.

*(Handwritten signature)*

15

*(Handwritten signature)*

O.M.

LE

PBJ

*(Handwritten signature)*

**6. gr.  
Gildistaka o.fl.**

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur samþykkt, eru settar á grundvelli 2. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, nr. 37/1997 og 2. gr. reglna fyrir Kennaraháskóla Íslands frá 27.6.2001 með áorðnum breytingum. Reglur þessar öðlast gildi 1. ágúst 2006 og falla þá úr gildi fyrri samþykktir háskólaráðs um vinnuskyldu fastra kennara. Nánar skal kveða á um framkvæmd reglna þessara í verklagsreglum sem háskólaráð staðfestir.

**Ákvæði til skýringar**

Með stjórnun í tengslum við rannsóknir og kennslu, sbr. 2. gr., er t.d. átt við samskipti við nemendur, sem þó ekki tengjast beint kennslu viðkomandi kennara, undirbúning kennsluskrár, þáttöku í fagráðum, námsbrautar- og deildarfundum, auk setu í nefndum á vegum deildarinnar. Gert er ráð fyrir því að deildarforseti geti, í umboði deildarfundar, falið einstökum kennurum stjórnunarverkefni á vegum deilda. Fram kemur í 4. gr. að deild eða stofnun ákveði skiptingu starfsskyldna sérfræðinga milli rannsókna, stjórnunar og annarra starfa. Með öðrum störfum er hér átt við þjónusturannsóknir, sbr. gr. 2.2, og kennslu

SL  
H. 16 O.S.  
LE PBZ

## Fylgiskjal 2

### Samkomulag um kjör aðjunkta.

Samkomulag þetta gildir um aðjunkta í Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands. Samkomulagið er hluti af stofnanasamningi Kennaraháskóla Íslands annars vegar Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Útgarðs, félags háskólamanna, hins vegar. dags. 16. júní 2006. Með kjarasamningi er átt við kjarasamning viðkomandi stéttarfélaga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 28. febrúar 2005.

1. Reglur þessar gilda um aðjunkta sem hafa kennslu við Kennaraháskóla Íslands að aðalstarfi og ráðnir eru til a.m.k. eins misseris á föstum launum og eru ekki á sama tíma í starfi annars staðar sem er meira en hálft starf.
2. Mat á vinnustundum vegna kennslu og námsmats er samkvæmt sömu reglum og gilda fyrir aðra kennara við Kennaraháskólann. Fullt starf er miðað við að kennsla sé 75% af vinnu aðjunkta og rannsóknir og stjórnun 25%. Um stjórnunar- og rannsóknahlutfall skal kveða á um í ráðningarsamningi. Stjórnunar- og rannsóknarhlutfall aðjunkta í hálfu starfi eða minna skal þó að lágmarki vera 10%.
3. Ráðning skal hefjast 1. janúar eða 1. ágúst ár hvert og vera a.m.k til eins misseris í senn. Laun greiðast samkvæmt starfshlutfalli út ráðningartímabilið. Heimilt er að ráða tímabundið. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en í fimm ár.
4. Ákvæði 2. kafla stofnanasamnings Kennaraháskóla Íslands og fimm BHM félaga gilda eftir því sem við á um röðun aðjunkta í launaflokka, færslu milli launaflokka, vinnuskyldu og yfirvinnuþak. Á sama hátt gilda reglur settar af háskólaráði um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Kennaraháskóla Íslands.
5. Háskólaráði er heimilt að veita aðjunktum rannsóknarmisseri. Við ákvörðun leyfis skal miða við að kennt hafi verið í 7 misseri við Kennaraháskólann á föstum launum og að starfshlutfall hafi numið að meðaltali minnst 75%. Við útreikning má taka mið af starfstíma kennarans við Kennaraháskólann allt að 10 ár aftur í tímann. Í rannsóknarmisseri skal aðjunkt halda launum í samræmi við meðaltalskennsluhlutfall á undangengnum 7 misserum og fá greidda þjálfunardagpeninga samkvæmt sömu reglum og gilda um aðra háskólakennara. Hafi aðjunkt ekki getað uppfyllt vinnuskyldu sína vegna veikinda eða barnsburðarleyfis hefur það ekki áhrif á heimild hans til rannsóknarmisseris. Um rannsóknarmisseri aðjunkta gilda að öðru leyti reglur um veitingu rannsóknarmissera við Kennaraháskóla Íslands.
6. Um rétt aðjunkta til foreldra- og fæðingarorlofs, orlofs- og veikindaréttar fer samkvæmt kjarasamningi Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands.

gle

H. 17


O.S.

JR

7. Í samræmi við grein 11.4.2 í kjarasamningi skal samstarfsnefnd um kjaramál, skipuð allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila fjalla um ágreining sem rís vegna framkvæmda á þessu samkomulagi.


Reykjavík 16. júní 2006

f.h. Kennaraháskóla Íslands



A large, handwritten signature in blue ink, appearing to read "Olof Thorarensen". It is written in a cursive style with some loops and variations in thickness.

f.h. Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Teitur Hall". The signature is more stylized and has a distinct "H" at the beginning.

# Fylgiskjal 3

## Reglur um hæfnismat og ársmat í stjórnsýslu- og þjónustustörfum við Kennaraháskóla Íslands

### Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir starfsmenn í stjórnsýslu- og þjónustustörfum sem eru félagsmenn í Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa og Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga.

### Almenn ákvæði

Að afloknu mati á starfi samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi, skal hæfni starfsmanna, sem er umfram kröfur starfsins, metin. Hæfnismat er gert svo fljótt sem auðið er eftir ráðningu í viðkomandi starf og gildir frá upphafsdegi ráðningar. Matið er síðan endurskoðað samhliða ársmati hverju sinni.

Fastráðnir starfsmenn við Kennaraháskóla Íslands sem falla ekki undir matskerfi kennara og sérfræðinga og hafa verið í starfi a.m.k. frá 1. september árinu áður en ársmat fer fram geta sótt um ársmat.

Stigafjöldi fyrir ársmat miðast við starfshlutfall og fjölda mánaða í starfi. Sá tími sem starfsmaður er fjarverandi vegna námsleyfis (sbr. 10. kafla kjarasamnings), fæðingarorlofs, foreldraorlofs, veikinda og slysa reiknast til vinnutíma.

Í hæfnismati er metin sú hæfni starfsmannsins sem hann hefur til að bera og nýtist í starfi, en ekki er gerð sérstök krafa um í starfsmati. Kaupauki sem byggður er á ársmati er greiddur út 1. september ár hvert og koma áunnin stig til uppsöfnunar við röðun í launaflokka.

Ágreiningi vegna hæfnismats og/eða ársmats má vísa til samstarfsnefndar Kennaraháskóla Íslands.

### Hæfnismat

Viðkomandi yfirmaður metur hæfni starfsmanns í samráði við starfmannastjóra og skal hæfnismatið endurskoðað árlega í starfsmannasamtali.

Eftirfarandi þættir eru metnir í hæfnismati:

## A Þekking

1. Menntun sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins.
  - a) Formlegt háskólanám
    - Diplómanám, 45 einingar 20 stig.
    - Háskólapróf BA/BS, 90 einingar 40 stig.
    - Háskólapróf BA/BS 120 einingar 50 stig.
    - Háskólapróf MA/MS eða sambærilegt 70 stig.
    - Háskólapróf Dr. eða sambærilegt 90 stig.
  - b) Annað nám á háskólastigi allt að 18 stigum.  
Stakar einingar sem ekki hafa verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 5 einingar eru metnar til tveggja stiga, allt að 45 einingum.
  - c) Starfsnám/símenntun
    - Nám allt að 60 klst. 2 stig.
    - Nám allt að 120 klst 4 stig.
    - Nám allt að 200 klst. 8 stig.

Að jafnaði skal ekki meta starfsnám/símenntun eldri en tíu ára.

2. Fyrri reynsla sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins.  
Hvert ár í starfsreynslu skal metið til fjögurra stiga, að hámarki 32 stig alls. Önnur reynsla sem nýtist í starfi getur einnig komið til mats að hámarki 32 stig. Samanlögð stig fyrir starfsreynslu og aðra reynslu eru þó að hámarki 32 stig.

## B Árangur í starfi

Stig úr ársmati koma til uppsöfnunar. Fyrir 100% starf reiknast stig sem hér segir:

- Lágmark 4 stig
- Hámark 7 stig

## Ársmat

### Árlegt stigamat og kaupauki

Ársmatið þjónar tvíþættum tilgangi:

- Árlegt stigamat þar sem stig bætast við uppsöfnuð stig úr starfsmati og hæfnismati.
- Kaupauki sem tekur mið af framlagi starfsmannsins, starfshlutfalli og starfstíma undangengins matsárs.

Eftirfarandi þættir eru lagðir til grundvallar í ársmati:

- Verkefni sem tiltekin eru í starfslýsingu.
- Önnur tilfallandi eða tímabundin verkefni.
- Áhersluþættir stofnunar eða deildar á hverjum tíma.
- Markmið sem sett hafa verið af starfsmanni og yfirmanni í síðasta starfsþróunarsamtali.

Stigafjöldi starfsmanns miðast við ofangreind atriði og er mældur með hliðsjón af:

- Þjónustu og viðmóti.
- Sjálfstæði, frumkvæði og áhuga í starfi.
- Samskiptum og samvinnu.

## Framkvæmd ársmats

Ársmat er unnið af starfsmanni og yfirmanni í sameiningu og skulu þeir báðir staðfesta það með undirskrift sinni. Við gerð ársmats er hægt að leita liðsinnis starfsmannastjóra. Gert er ráð fyrir að yfirmaður gæti samræmis við gerð ársmats fyrir undirmenn sína. Ársmatið skal unnið fyrir 1. maí ár hvert.

Starfsmaður sækir um framlag úr ársmatssjóði fyrir 1. maí ár hvert, á þar til gerðu eyðublaði og skulu niðurstöður ársmats fylgja með umsókninni.

Starfsmannastjóri yfirfer ársmatið frá hverri deild og gætir þess að samræmi sé milli hinna einstöku deilda Kennaraháskólans. Hann reiknar síðan út framlag til einstakra starfsmanna. Útborgun úr ársmatssjóði skal eiga sér stað 1. september ár hvert.

Framlag til hvers starfsmanns ræðst af upphæð í ársmatssjóði og heildarstigafjölda sem um er að ræða hverju sinni.

## Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá 1. maí 2006 samhliða nýjum stofnanasamningi


## Ákvæði til bráðabirgða

Aðilar eru sammála um að í fyrsta skipti sem hæfnismat er framkvæmt verði litið á starfstíma hjá Kennaraháskóla Íslands sem hluta af fyrrí starfsreyntslu.

Einnig eru aðilar sammála um að þeir starfsmenn sem voru í 100% starfi á árinu 2005 fái aukalega 7 stig sem svarar til hámarksstiga fyrir ársmat. Starfsmenn í hlutastörfum og starfsmenn sem ekki störfuðu allt árið fá stig í hlutfalli við starfshlutfall og/eða starfstíma.

Reykjavík 16. júní 2006

f.h. Kennaraháskóla Íslands

  
Ólafur Þórðarson  


f.h. Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands

f.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga

  
Helgi Jónasson

f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa

  
Rænir Einiksson

## Bókanir

### Bókun 1

Laun nýráðinna lektora og dósenta í fullu starfi skulu að lágmarki vera 300.000 kr. fyrir dagvinnu á mánuði. Ef dagvinnulaun viðkomandi er undir þessum viðmiðunarmörkum bætir Kennaraháskóli Íslands það sem upp á vantar, þó þannig að framlag Kennaraháskólans lækkar í samræmi við úthlutun úr vinnumatssjóði vegna rannsókna ef um það er að ræða. Fyrirkomulag þetta nær til fyrstu þriggja áranna í starfi við skólann.

### Bókun 2

Mat á menntun í starfs- og hæfnismati verður eins og fram kemur hér að neðan frá og með 1. maí 2007 er 2,6% viðbótarfjármagn fæst til áframhaldandi þróunar stofnanasamningsins.

	Starfsmat	Hæfnismat
Diplómanám	-	25 stig
Háskólapróf BA/BS, 90 einingar	90 stig	50 stig
Háskólapróf BA/BS, 120 einingar	120 stig	60 stig
Háskólapróf MA/MS/viðbótarmenntun	160 stig	90 stig
Starfið krefst menntunar á tveimur sviðum	180 stig	110 stig
Doktorspróf	220 stig	130 stig

Viðbótarmenntun umfram það sem starfið krefst reiknast til stiga sem mismunur milli flokka í hæfnismati (Dæmi. Einstaklingur í starfi sem krefst BA/BS menntunar fær 40 stig í hæfnismati fyrir MA/MS próf). Aðrir þættir matskerfisins geta einnig komið til endurskoðunar samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

### Bókun 3

Ef vafi leikur á að launaþróun innan Kennaraháskóla Íslands hafi náð því að vera að meðaltali 6,5% frá apríl 2006 til maí 2007 umfram miðlægar launahækkanir, sbr. fylgiskjal 1 í kjarasamningi viðkomandi stéttarfélaga við fjármálaráðherra frá 28. febrúar 2005, skulu fulltrúar viðkomandi stéttarfélaga og Kennaraháskóla Íslands endurskoða launaráðun starfsmanna á einstaklingsgrundvelli uns 6,5% markinu er náð. Í þessu sambandi skal einungis skoða launaþróun hjá þeim sem hafa verið samfellt í starfi það tímabil sem um ræðir.

### Bókun 4

Lágmarkshækkun vegna fjármagns til stofnunar 1. maí 2006 og 1. maí 2007 Orðið hefur að samkomulagi aðila að dagvinnulaun hvers og eins hækki að lágmarki um 2% til og með 1. maí 2007. Hækkun þessi er umfram hækkun á launatöflu 1. janúar 2007.

### Bókun 5

SL  
T.B.  
RE  
PB3  
LE  
JON.

Komið verði á fót áfrýjunarnefnd vegna ágreiningsmála sem rísa kunna út af niðurstöðum úr starfs- og hæfnismati hjá Kennaraháskóla Íslands fyrir 1. október 2006. Einstaklingar geta skotið ágreiningi vegna niðurstöðu mats til nefndarinnar sem skal skipuð óháðum aðilum og starfrækt með sama hætti og áfrýjunarnefnd vegna stigamats kennara og sérfræðinga með hæfnisdóm. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir.

#### Bókun 6

Það er á valdi háskólaráðs að setja reglur um mat á kennslu og stjórnun til vinnustunda, hvað nánar felst í starfsþáttunum kennsla, rannsóknir og stjórnun og hlutfall þeirra starfa að heildarvinnutíma. Kennrafélag Kennaraháskóla Íslands skal eiga fulla aðild að undirbúningi og gerð reglna hvað þessa þætti varðar. Breytingar á reglum um kennslu, rannsóknir og stjórnun skulu birtar með stofnanasamningi.

#### Bókun 7

Reglur um mat á kennslu til vinnustunda skulu endurskoðaðar í samráði við Kennrafélag Kennaraháskóla Íslands fyrir 1. maí 2007.

#### Bókun 8

Felld er niður heimild til álagsgreiðsla vegna námskeiða sem eru sameiginleg milli námsbrauta. Tafla um útreikning á vinnu fyrir kennslu lækkar um 1,5%.

#### Bókun 9

Lagt verður til sameiginlega við háskólaráð að vinnumatssjóður fyrir rannsóknir verði hækkaður um 2 m.kr. á árinu 2006 og aðrar 2 m.kr. á árinu 2007. Þá verður einnig lagt til sameiginlega við háskólaráð að ársmatssjóður verði 4 m.kr. á árinu 2007 og er þar miðað við 26 stöðugildi.

#### Bókun 10

Settar verða reglur um sérstaka tímabundna umbun umfram mánaðarlaun samkvæmt grein 1.3.1. í kjarasamningi. Reglurnar verða byggðar á reglum sem fjármálaráðherra setur á grundvelli 2. mgr. 9. gr. starfsmannalaga. Reglurnar eru ekki enn tilbúnar og því er ekki unnt að nota þessa grein kjarasamningsins ennþá.. Strax og fjármálaráðherra hefur sett reglurnar verða settar reglur um sérstaka tímabundna umbun hjá Kennaraháskóla Íslands.